
Jafnréttisáætlun

Sandgerðisbæjar

2012 - 2014





Inngangur

Jafnréttisáætlun byggist á ákvæði 12. greinar laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Markmið áætlunarinnar er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Í lögunum kveður á að að sveitafélög skuli skipa jafnréttisnefnd og gera jafnréttisáætlun.

Fristunda-, forvarna- og jafnréttisráð fer með hlutverk jafnréttisnefndar. Í samræmi við jafnréttislög fjallar ráðið um stöðu kynjanna innan bæjarfélagsins og er ráðgefandi fyrir bæjarstjórn í þeim málefnum er varða jafnrétti kynjanna. Ráðinu ber að fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum til að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla innan bæjarfélagsins. Það hefur umsjón með gerð jafnréttisáætlunar og tekur annað hvert ár saman skýrslu samkvæmt beiðni frá Jafnréttisstofu um stöðu og þróun jafnréttismála innan bæjarfélagsins.

Sandgerðisbær hefur einnig skyldur samkvæmt jafnréttislögum sem vinnuveitandi og ber því að gera sérstaklega grein fyrir hvernig:

- Vinna skal að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.
- Tryggja skal launajafnrétti.
- Hvernig þess sé gætt að störf séu opin báðum kynjum og bæði kyn njóti sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar.
- Konum og körlum verði gert kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf.
- Komið verði í veg fyrir kynbundna og kynferðislega áreitni.

Allar deildir og stofnanir bæjarfélagsins skulu taka mið af jafnréttisáætluninni.

Sérstakar kröfur eru gerðar til bæjarfélagsins vegna skóla-, íþrótt- og tómstundastarfs og tekur jafnréttisáætlun mið af því.



Meginforsendur jafnréttisáætlunar

Lýðræðislegt samfélag byggir á þeim grunni að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, stjórn mála-skoðana, uppruna, litarháttar, efnahags, ætternis, fötlunar, sjúkdóma eða annarrar stöðu.

- Jafnrétti kynjanna er tryggt í jafnréttislögum en til að það nái fram að ganga verða konum og körlum að standa til boða sömu tækifæri til áhrifa, virðingar og þátttöku í samfélaginu, jafnt í opinberu lífi sem einkalífi. Með því að stuðla að jafnrétti kynjanna er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls.
- Reynsla og gildismat beggja kynja eru lýðræðinu mikilvæg og er því eðlilegt að þátttaka kynjanna í stefnumótun og ákvarðanatöku sé sem jöfnust og að sjónarmiðum og þörfum beggja kynja sé gert jafnt undir höfði.
- Samfélagið þarf á starfskröftum kvenna og karla að halda til þess að tryggja hagvöxt.
- Það er sjálfsögð krafa að kynin beri úr býtum sömu laun fyrir sömu vinnu.
- Launajafnrétti kynjanna hefur auk þess bein áhrif á hag fjölskyldna og er því mikilvægt samfélagsmál.
- Stúlkur og drengir eiga að fá sömu tækifæri til náms og félagslífs sem ekki mótast af hefðbundnum kynhlutverkum.
- Kynlífsþrælkun, kynferðisleg misnotkun og kynbundið ofbeldi er fordæmt í hvaða mynd sem það gæti birst í.



1 Lögbundin verkefni

1a - Nefndir, ráð og stjórnir

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum bæjarfélagsins skal fylgja jafnréttislögum og gæta þess að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki undir 40% þegar um fleiri en 3 fulltrúa er að ræða. Þetta á einnig við um hlutafélög og fyrirtæki sem Sandgerðisbær er eigandi eða hluthafi að.

Hlutfall kynja í nefndum, ráðum og stjórnnum skal kannað árlega og ábendingum um úrbætur komið til viðeigandi aðila. Kynjahlutfall formanna nefnda verði skoðað sérstaklega.

2 Starfsmannamál.

2a - Auglýsingar og ráðningar

Í auglýsingum um störf þarf sérstaklega að sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt. Í auglýsingum um störf skal koma fram hvatning til þess kyns sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein. Þegar ráða á í stjórnunarstörf innan bæjarkerfisins skal unnið að því að jafna hlut kynjanna, bæði innan bæjarkerfisins og utan. Jafnréttissjónarmið skulu metin til jafns við önnur mikilvæg sjónarmið sem ráða við stöðuveitingar.

2b - Launajafnrétti

Jafnréttislög kveða á um að konum og körlum sem starfa hjá sama atvinnurekanda skuli greidd jöfn laun og skuli njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

2c - Samræming fjölskyldu og atvinnulífs

Til að gera konum og körlum sem starfa hjá Sandgerðisbæ kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu er mikilvægt að starfsfólk njóti sveigjanleika eins og kostur er.

2d – Fæðingarorlof, veikindi barna.

Mikilvægt er að hvetja bæði kyn til að nýta fæðingarorlof og hvetja foreldra til að skipta með sér heimaveru vegna veikinda barna.



2e - Starfsþjálfun og endurmenntun

Atvinnurekendum ber í samræmi við lög að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar svo og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

3 Skólar, íþrótt- og tómstundastarf

Lögbundið er að gæta skuli kynjasambættingar við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfi, íþrótt- og tómstundastarfi.

3a – Fræðsla barna og unglunga

Nemendur á öllum skólastigum eiga að fá fræðslu um jafnréttismál þar sem áhersla er lögð á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi.

3b – Tómstundastarf barna og unglunga

Ekki skal gera upp á milli kynja í tómstundastarfi innan Sandgerðisbæjar.

3c – Íþróttastarf barna og unglunga

Ekki skal gera upp á milli kynja í neinu íþróttastarfi innan Sandgerðisbæjar.

4 Kynbundið ofbeldi og áreitni

Eitt af markmiðum jafnréttislaga er að vinna gegn kynbundnu ofbeldi. Samkvæmt skilgreiningu laganna er kynbundið ofbeldi:

„Ofbeldi á grundvelli kynferðis sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs, kynferðislegs eða sálræns skaða eða þjóninga þolanda, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis, bæði í einkalífi og á opinberum vettvangi.“

4a - Kynbundin og kynferðisleg áreitni

Sem atvinnurekanda ber Sandgerðisbæ að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir kynbundna eða kynferðislega áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Gera skal leiðbeiningar eða aðgerðaráætlun fyrir stjórnendur ef upp kemur kynferðisleg áreitni eða einelti á vinnustöðum.



5 Kynjasambætting

Mikilvægt er að sambætting kynja- og jafnréttissjónarmiða verði eðlilegur þáttur í starfsemi deilda og stofnana bæjarins. Samkvæmt jafnréttislögum felst eftirfarandi í kynjasambættingu :

„Að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu.“

5a - Kynjasambætting

Bæjarstjórn, nefndir og ráð bæjarins skulu leggja mat á stefnumótun og ákvarðanir sem teknar eru á vettvangi þeirra og af starfsmönnum þeirra með það í huga að sambætting kynja- og jafnréttissjónarmiða verði eðlilegur þáttur í starfsemi deilda og stofnana bæjarins.

6 Kynning á jafnréttisáætlun Sandgerðisbæjar

6a - Kynning á heimasíðu

Jafnréttisáætlun skal vera aðgengileg á heimasíðu Sandgerðisbæjar.

6b - Kynning í stjórnkerfi

Jafnréttisáætlun skal send öllum nefndum og ráðum bæjarfélagsins og einnig forstöðumönnum allra stofnana Sandgerðisbæjar.

7 Endurskoðun jafnréttisáætlunar.

7a - Endurskoðun

Nauðsynlegt er að Jafnréttisáætlun taki mið af þeirri þróun sem verða kann í jafnréttismálum og í því skyni skal hún endurskoðuð af Fristunda- forvarna- og jafnréttisráði reglulega, á þriggja ára fresti og skal henni lokið 2 mánuðum áður en gildistími eldri áætlunar rennur út.



8 Aðgerðaáætlun

8a - Aðgerðaáætlun

Fristunda- forvarna- og jafnréttisráð gerir aðgerðaáætlun í jafnréttismálum byggða á jafnréttisáætlun Sandgerðisbæjar í upphafi hvers kjörtímabils og fyrr ef þurfa þykir. Í framhaldi af reglulegri endurskoðun jafnréttisáætlunar er nauðsynlegt að endurskoða aðgerðaráætlunina.

Samþykkt í fristunda- forvarna- og jafnréttisráði Sandgerðisbæjar miðvikudaginn 25. janúar 2012.

Samþykkt í bæjarstjórn Sandgerðisbæjar þriðjudaginn 31. janúar 2012.